



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

27. apríl 2005

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun ráðuneytis lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, 230. mál.

Samkvæmt tillögunni felur Alþingi ríkisstjórninni að kanna hvort færa skuli undir eitt ráðuneyti málefni lífeyrissjóða og lífeyrissparnaðar, almannatrygginga, félagslegrar framfærslu og vinnumarkaðsmála, a.m.k. það sem lýtur að atvinnuleysisbótum og málefnum atvinnulausra. Rökin að baki tillögunni eru þau að veruleg skörun sé á verksviði ráðuneyta í málum er snerta lífeyristryggingar, almannatryggingar, stuðning við atvinnulausa, framfærslustuðning sveitarfélaga o.fl. Samspil þessara þátta við skattkerfið og tekjutenging bóttaliða innan og utan skattkerfisins sé margþætt og flókið mál. Dreifing þessa málaflokks innan Stjórnarráðsins og óheppileg verkaskipting standi tímabærri endurskoðun og samræmingu á þessu sviði fyrir þrifum.

Samtök atvinnulífsins taka undir þau sjónarmið sem sett eru fram í tillögunni að tímabært sé að endurskoða verkaskiptingu í Stjórnarráðinu. Hugmyndin um að færa þau verkefni sem tillagan fjallar um undir eitt ráðuneyti er þess verð að hún sé skoðuð nánar. Eðlilegt er þó að mati SA, sbr. umsögn samtakanna um þingsályktunartillögu um stofnun atvinnuvegaráðuneytis dags. 10. nóvember 2004, að nálgast viðfangsefnið með heildstæðari hætti, t.d. með því að setja á stofn starfshóp á vegum stjórnvalda sem hefði það verkefni að endurskipuleggja verkaskiptingu allra ráðuneytanna.

Virðingarfyllt,

Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri